

## Hestamannafélagið Kjóavöllum

9. fundur, haldin mánudaginn 12.11.2012 kl. 16:30 í Glaðheimum

Mætt til fundarinnis voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Þorvaldur Sigurðsson, Guðmundur Hagalínsson, Ingibjörg G. Geirsdóttir, Hermann Vilmundarson og Halldór H. Halldórsson að auki sat Guðni Eiríksson fundinn.

Fundurinn sem var undirbúningsfundur fyrir félagsfund HK 13.nóv. hófst þó ekki fyrr en kl. 17:15 vegna dráttar á fundi með bæjaryfirvöldum í Kópavogi og undirritun viðauka við fyrri samninga og afsal Glaðheimasvæðisins.

1. GE, fór yfir samning við JÁ verk um byggingu reiðhallar og lagði til ásamt SS að fá heimild félagsfundar til að skrifa undir samninga. GE lagði áherslu á að ekki þyrfti að flýta sér um of með samninga um áhorfendasvæði, hægt að halda því opnu um sinn. Kostnaðaráætlun vegna áhorfendabekkja er um 30 – 35. m.kr. Boranir í sprungur á Kjóavallasvæði heppnuðust vel og taka þær vel við yfirborðsvatni. Búast má við ca. 10. m. kr. aukakostnaði við vallarframkvæmdir og mótun skeifu vegna breytinga sem orðið hafa frá samningum við Loftorku. Ákvörðunarfund þarf að hafa sem fyrst með framkvæmdaraðila vegna halla á brautum ofl.
2. Áherslur verða á að koma heimasíðu sem fyrst í gagnid, þar verða teikningar af reiðhöll og af skipulagi svæðisins þar sem félagsmenn geta komið fram með athugasemdir.
3. Formenn Andvara og Gusts eru að leggja loka hönd á tilnefningar í þær nefndir sem þarf að kjósa í á félagsfundinum. Stjórnskipað verður í laga- og tölvunefndir HK. Lagt til að lénið [www.kjoavellir.is](http://www.kjoavellir.is) verði frátekið fyrir HK einnig pósthfangið [kjoavellir@kjoavellir.is](mailto:kjoavellir@kjoavellir.is)
4. Farið var lauslega yfir fjárhagsstöðuna og virðist staðan geta verið nærri núlli án sölu eigna. Ekki er einhugur innan stjórnar HK um sölu á reiðhöll að Hattarvöllum 2. Að sögn GH þá er Sigurður Guðmundsson ( Laxdal ) tilbúinn að sjá um rekstur reiðhallarinnar, áhersla er á að skipta um stjórnarmeðlimi í Kjóavöllum ehf.
5. Allar kynningar á félagsfundinum fara fram á glærum að reiðleiðum undanskyldum, þar verður reiðleiðakortið uppi á skjánum. ÞS búinn að raða upp dagskrá fundarinnis, en uppástunaga er um ÞS sem fundarstjóra og HHH sem fundarritara.

Fleira ekki fært til bókar, fundi slitið kl. 18:30

Fundarritun.

Halldór H. Halldórsson